

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20 mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur , 202 mál

Góðann dag. Undirrituð sendir hér inn umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Tekið skal fram að ég rek vape verslunina Gryfjan í Reykjavík.

Ég vill byrja á því að taka það fram að ég held að afstaða og skoðanir vape verslanna á Íslandi séu stórlega misstillin. En ég get þó einungis talað frá minni eigin reynslu.

Ég hef alla tíð fylgt 18 ára aldurstakmarki inn í mína verslun og veit ég að flest aðrar sérverslanir hafa gert slíkt hið sama. Það er okkar hjartans mál að veipur sem krakkar ná sér í séu ekki frá okkur, það kemur óorði á okkar verslun ásamt málstaðnum sem við erum að berjast fyrir.

Ég vill reglur, við þurfum reglur, það þarf að vera lagarammi sem segir hvað má og hvað má ekki, það þarf að vera refsing fyrir það að selja börnum veipur eins og er gert við þá sem selja tóbak til barna undir aldri. Og vill ég aukið eftirlit með verslunum upp á þetta að gera.

Ég er gífurlega ánægð fyrir það að þetta nýja frumvarp sé sett fram undir sérlögum að þessu sinni, en þó eru nokkrir liðir í því sem eru heldur strangari en meint tilskipun evrópuþingis 2014 (ESB)

Veipið bjargaði mínu lífi, ásamt óteljandi annara í kringum mig, ferðalag okkar mæðgnanna sem eigum Gryfjuna hófst þannig að hún náði að hætta reykingum eftir 36 ár af tóbaksnotkun, hún reykti 2 pakka á dag. Og henni tókst það nánast áreynslulaust, þá voru græjur og vökvar keyptir í heimahúsum dýrum dómi.

Hún fór að troða þessu uppá mig, ég vildi lítið sjá þetta, var sátt með mínar sígarettur þrátt fyrir reykingarhósta og slappa heilsu einungis 24 ára gömul. Það var ekki fyrr en hún kom heim með veipu frá bretlandi sem var skærbleik með ljósi sem glitraði þegar hún var sogin, og vökva sem mér þótti bragðgóður, þessi tóbaksbrögð fannst mér alveg skelfileg og brögðuðust verr heldur en sígarettur. Bragðið sem fékk mig til þess að hætta að reykja var bubblegum (tyggjókúlur).

Eftir að hafa fíktað við þetta í nokkrar vikur var ég hætt að reykja fyrir fullt og allt, ég sem ætlaði aldrei að hætta að reykja, hætti bara alveg óvart.

Þegar ég prófaði ári seinna að kveikja mér í sígarettu útfrá eitthverri glansmynd um það hafi verið svo æðislegt, fannst mér það ógeðslegt, ég trúði því ekki að ég hafi nokkurntímann reykt sígarettur. Þvílíkur viðbjóður.

Fyrir mig þurfti tækið að vera glansandi og áhugavert til að fá mig til að prufa og gefa veipunni séns, fyrir mig þurfti vökvinn að vera með nammibragði, því sætara því betra. Það virkaði fyrir mig.

Sögurnar sem ég heyri í verslun minni á hverjum degi eru ótrúlegar. Þetta tæki virkar fyrir gríðarlega stóran hóp reykingarfólks sem oft hefur reynt allt annað. Ég fæ að fylgjast með þeim á ferðalaginu þeirra frá tóbakinu, og það er magnað að heyra sérstaklega eldra fólk segja mér frá því hvernig heilsu þeirra hafi batnað, hvernig súrefnismettunin hefur farið upp, hvernig þolið hefur aukist, hvernig þeim líður betur, og þrátt fyrir það sem margir halda, hef ég fylgst með mörgum hætta alveg í veipinu líka.

Það er auðvelt að trappa sig niður, og ákvað ég fyrir nokkrum vikum síðan að trappa mig frekar hratt niður í nikótíninu og hætta loks alveg bara til að sjá hvernig mér liði, ég man þegar ég varð sigarettulaus í sólarhring fyrir mörgum árum og hvernig líkaminn brást við, svitaköst, hausverkur, skjálfti, skapgerðarrestir og almenn vanlíðan.

Ég hef verið vape laus í viku núna. Engin líkamleg fráhvörf komin enn, ég fann alveg fyrir því að mig langaði að teygja mig í veipuna fyrir framan mig fyrstu dagana, en það var ekki mjög erfitt að sleppa því, ég finn ekki fyrir löngun í nikótínið beint, en meira vanann að hafa eitthvað í höndunum og að setja uppí mig-.

Ég ætla halda áfram þessari tilraun minni áfram allavega í eitt ár, aðallega til þess að geta útskýrt og hjálpað viðskiptavinum mínum áfram sem vilja taka lokaskrefið og hætta að veipa líka.

Sama hvað hver segir eða hvað hver trúir, þá er þetta ekki bara "business" fyrir okkur mæðgurnar, við leggjum blóð svita og tár í búðina okkar fyrir viðskiptavinina okkar. Okkur þykir vænt um fólkið sem kemur til okkar og markmiðið okkar er einfalt, að hjálpa fólki að losa sig undan tóbakinu. Ef að fólk vill veipa til lengri tíma þá er það þeirra val, ef það vill hætta að veipa eftir að hafa náð að losna undir tóbakinu þá er það þeirra val, við styðjum þau sama hvaða leið þau kjósa, því að þetta er fullorðið fólk, fullfært um að taka eigin ákvarðanir varðandi sitt eigið líf.

Frumvarpið skerðir að mínu mati þetta frelsi upp að vissu leyti.

að setja viðvaranir á vörur sem innihalda ekkert nikótín, eins og coil (hitarar), tankar, rafhlöður, munnstykki, að þær innihaldi í raun nikótín er verið að villa fyrir neytendum, sumir kjósa að nota ekkert nikótín í veipurnar sínar og gæti þetta skapað óþarfa misskilning.

Hvernig er hægt að setja lög um það að segja að eitthvað innihaldi eitthvað sem það inniheldur ekki? Er ekki hægt að breyta þessu svo að þetta fari einungis á vörur sem innihalda í raun nikótín?

Tankastærðina skil ég enganvegin, í ESB lögunum er einungis talað um hámarks stærð á EINNOTA tanka/hylkin, ekki á fjölnota tönkum.

Hámark stærð vökva á að vera 10ml hvort sem hann inniheldur nikótín eða ekki, hér er hreinlega verið að búa til nýjar reglur, þar sem í tilskipun evrópusambandsins er einungis talað um 10ml hámarkstærð á vökvum sem innihalda nikótín, hvergi í heiminum er hámarksstærð á nikótínlausum vökvum, hver er tilgangurinn með því að banna stærri einingar af nikótínlausum vökvum?, er það í raun hægt, því að vegetable glycerin, propylene glycol og bragðefni, sem eru innihaldsefni í mörgu öðru en vape vökva. Verður það allt þá líka bannað í einingum stærri en 10ml?

Fyrir utan gífurlegu plastmengunina sem verður, þá er það dýrara að versla vökva í minni einingum. Svo að það verður kostnaðarsamara fyrir fólk sem kys að hætta að reykja með veipum, ásamt því að þær eru töluverð hættumeira á að börn stingi 10ml flöskum uppí sig ef fólk þarf að kaupa margar flöskur í einu sem dreyfast svo út um allt.

Ekki má gleyma því að það er mjög auðvelt fyrir fólk að nálgast heimatilbúna vökva og sterkt nikótín til að blanda sjálft vökvana sína, þangað snýr fólk sér alfarið ef frumvarpið fer óbreytt í gegn.

6 mánaða tilkynningarskylda til neytendastofu þegar á að fara taka nýja vöru inná markað? Þessu verður að breyta, verslanir munu þá eingöngu geta selt gamlar vörur. Þetta tel ég vera brot á réttindum verslunarmanna til að stunda viðskipti.

Mestmegnis er ég ánægð með frumvarpið en það eru nokkrir hlutir sem verður að laga, ef það verður gert mun ég styðja frumvarpið heilshugar og gera mitt besta til að aðlagast því.

Virðingarfyllt

Erna Margrét Oddsdóttir

S; 7738943

erna@gryfjan.is